

# ORKUSPÁRNEFND

Efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytis - Fasteignamat ríkisins - Hagstofa Íslands – Hitaveita Suðurnesja  
Landsvirkjun - Orkustofnun - Orkuveita Reykjavíkur - Rafmagnsveitur ríkisins - Samorka

---

Fréttatilkynning frá Orkuspárnefnd.

Reykjavík, 14.3.2003.

## **Hægir á aukningu almennrar raforkunotkunar - samantekt Orkuspárnefndar um orkunotkun 2002**

Raforkunotkun hér á landi hefur aukist mikið síðustu árin, aðallega vegna eflingar orkufreks iðnaðar. Almenn notkun hefur einnig vaxið talsvert og nú er svo komið að við Íslendingar eigum orðið heimsmet í raforkunotkun á hvern íbúa. Hvert okkar notaði á s.l. ári 29.300 kílóvattstundir af raforku og er þar bæði um að ræða notkun heimil aog atvinnulífs þar meðtalin notkun stóriðjufyrirtækja. Til samanburðar notar meðalheimilið um 3.500 kílóvattstundir af raforku til annarra þátta en hitunar húsnæðis.

Þetta er meðal þeirra niðurstaðna sem fram koma í samantekt Orkuspárnefndar, sem er samstarfsvettvangur Efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis, Fasteignamats ríkisins, Hagstofunnar, Hitaveitu Suðurnesja, Landsvirkjunar, Orkustofnunar, Orkuveitu Reykjavíkur, Rafmagnsveitna ríkisins og Samorku. Orkuspárnefnd gefur á hverju ári út spá um raforkunotkun landsmanna, og á um fimm ára fresti endurskoðar hún þessa spá frá grunni og birtir í ítarlegu riti. Einnig birtir nefndin spár um aðra orkugjafa, sjá vef nefndarinnar - <http://www.orkuspa.is/>


### Raforkuvinnsla tvöfaldast á fimmtán árum

Árið 2002 nam raforkuvinnsla á landinu samtals 8.411 GWh (ein GWh, gígavattstund er milljón kílóvattstunda) og hafði þá aukist um 4,8% frá árinu áður. Raforkunotkun stóriðjuveranna nam 5.221 GWh en almenn notkun 2.919 GWh. Aukningu í raforkunotkun hér á landi síðustu árin má að stærstum hluta rekja til þeirrar uppbyggingar stóriðju sem átt hefur sér stað. Þar kemur til stækkun álvers Ísals og járblendiverksmiðjunnar á Grundartanga auk álvers Norðuráls sem byggt var í tveimur áföngum. Frá árinu 1987, eða á 15 ára tímabili, hefur raforkunotkun tvöfaldast hér á landi.

### Minni aukning í almennri notkun

Á síðasta ári var minni aukning í almennri notkun forgangsorku en næstu þrjú ár á undan en breytingin er þó ekki nærri eins mikil og í hagvexti. Raforkunotkunin sveiflast að jafnaði með landsframleiðslunni en sveiflurnar eru þó minni í raforkunotkuninni. Hagvaxtarbreytingar skila sér þó ekki strax í raforkunotkun svo sem þegar hagvaxtarskeið hófst árið 1994 en það kom ekki fram í raforkunotkun fyrir en 1995.

Nánari upplýsingar: Þorkell Helgason, orkumálastjóri og formaður Orkuspárnefndar (569-6000/thh@os.is) og ritari nefndarinnar Jón Vilhjálmsson (580 7700/jonv@afl.is).



**Raforkunotkun á Íslandi árin 1985-2002.**